

Gos í Eyjafjallajökli - staða 11. júní 2010 kl. 23:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

- Unnið af:** Sigurlaugu Hjaltadóttur, Magnúsi Tuma Guðmundssyni, Jóni Kristni Helgasyni, Sigrúnu Hreinsdóttur.
- Byggt á:** Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, eldingamæligögnum og flugi yfir gosstöðvarnar kl. 8 og 21.
- Gosmökkur:**
Hæð: Nær stöku sinnum rétt upp úr gígnum.
Stefna:
Litur: Hvítur gufumökkur.
Gjóskufall: Ekkert.
Eldingar: Engar á mælaneti bresku veðurstofunnar.
Drunur: Engar upplýsingar.
- Bræðsluvatn:** Lítið vatnsrennsli frá Gígjökli.
Eðjuflóð: Töluverðir vatnavextir urðu í Svaðbælisá í gærmorgun í kjölfar mikillar úrkomu um nóttina og snemma um morguninn. Vatnavöxtunum fylgdi mikill aur sem barst inn á tún þrátt fyrir varnargarðinn sem reistur var til að verja ræktarlönd Þorvaldseyrar. Mikill aur hefur safnast fyrir í farvegi Svaðbælisár frá því að gos hófst og er því fremur lágt á milli brúargólfs og farvegar. Af þeim sökum hefur árfarvegurinn undir brúnni ekki haft undan og flæddi því upp á veginn vestan megin brúar.
- Aðstæður á gosstað:** Stöðuvatn hefur myndast í botni stóra gígsins, um 300 m breitt. Gufu leggur upp af frá jöðrum þess, einkum norðantil. Kl. 8 náðu gufubólstrarnir aðeins stöku sinnum upp úr gígnum. Vestast, í gígveggnum, ofan vatnsborðs má sjá lítinn en brúnleitan mökk leggja upp af tveimur litlum augum/opum. Brennisteinsútfellingar hafa myndast við gufuaugu í hrauntaumnum, rétt neðan gígskálarinnar.
- Órói:** Er lágur, engir púlsar hafa mælst síðasta sólarhringinn.
- Jarðskjálftar:** Af og til mælast stöku litlir skjálftar undir/við toppgíginn, yfirleitt grunnir.
- GPS-aflögun:** Litlar en áframhaldandi færslur inn að eldstöðinni.

Heildarmat:

Gos liggur niðri, órói á næstu skjálftastöðvum er nú lágur. Vatn safnast nú fyrir í megingígnum og getur valdið hlaupi niður Gígjökul á næstunni.